

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2175
komudagur 8.5.2012

Athugasemd v/ Reykjanes

Ósk Vilhjálmsdóttir [osk@wanderlust.is]

Sent: 8. maí 2012 23:41

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

Ég, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælu og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og borgarbúar jafnt sem ferðamenn vilja njóta náttúrunnar við túnfótinn. Þess má geta að yfir um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar. Ég tel að hagsmunir ferðapjónustunnar séu miklir og hef undanfarin sumur skipulagt ferðir um þetta svæði fyrir erlenda ferðamenn (sjá td. [hér](#))

Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er eitthvað sem hlýtur að vera rangt á tímum þegar náttúrusvæði í nálægð við þéttbýli hafa aldrei verið verðmætari einmitt nú þegar bensínverð er í hæstu hæðum og kostnaðarsamt að ferðast um langan veg til að njóta náttúru slíkra svæða.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga.

virðingarfyllst,

Ósk Vilhjálmsdóttir kt: 081062-5369

--

WANDERLUST
Odinsgata 7
101-Reykjavík
ICELAND

tel. + 354 5174012
tel. + 354 6914212
Ósk Vilhjálmsdóttir
wanderlust.is